



Sálfræðingur við Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíkinga

Vilt þú vinna í metnaðarfullu starfsumhverfi með sterkri liðsheild sem vinnur að farsæld barna?

Við leitum að sálfræðingi til að vinna með okkur að framtíðarmótun þjónustunnar. Um er að ræða 80 - 100% starfshlutfall.

Sjö sveitarfélög standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíkinga, á svæðinu eru sjö leikskólar, sex grunnskólar og tveir leik- og grunnskólar. Aðalstarfsstöð þjónustunnar er í Hveragerði og hefur sálfræðingur bít til umráða.

Sálfræðingur sinnir greiningum og ráðgjöf og stýrir þeim verkefnum sem undir hann heyrja. Hann situr í nemendaverndarráðum og styður við börn og fjölskyldur. Sálfræðingur Skóla- og velferðarþjónustu tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, meðal annars í samvinnu við aðra sálfræðinga, talmeinafræðinga, félagsráðgjafa og kennsluráðgjafa. Starfið býður einnig upp á tækifæri til að hafa áhrif á uppbyggingu og mótun þjónustunnar til framtíðar.

Helstu verkefni og ábyrgð

Ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla.
Forvarnarstarf með áherslu á sjálfbærni skólanna við lausn mála.
Athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
Fræðsla og námskeið fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla.
Viðtöl við nemendur m.a. vegna tilfinninga og hegðunarvanda.
Önnur tilfallandi verkefni eftir þörfum

Menntunar- og hæfniskröfur

Löggilding til að starfa sem sálfræðingur.
Þekking á þroska og þroskafrávikum barna.
Hæfni til að starfa í hópi fagfólks.
Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Færni í samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 17. október 2021

Umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum og starfsleyfi, greinargóð ferilskrá umsækjanda ásamt kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings í síma 660 6522 eða á netfangið: melkorka@arnesthing.is

 Fljótsmörk 2, 810 Hveragerði,  483-4000
www.arnesthing.is